

Fundur í fagdeild Leiðsagnar 25. mars 2021

Viðstaddir: Jens Ruminy, Jónas Sigurðsson, Kristín Waage og Vilborg Anna Björnsdóttir.

"Fundinum, sem átti að halda í húsnæði Leiðsagnar, Stórhöfða 29, var í skyndi breytt í fjarfund í samræmi við hertar sóttvarnarreglur. Nokkuð brösulega gekk að hefja fund, þar sem formanni fagdeildar hófst seint handa að opna fundinn. Sá leiði misskilningur varð líka að skilaboð frá Jens þess efnis að hann kæmist ekki á (inn) á fundinn voru lesin og túlkuð eins og hann hefði verið að segja að hann væri upptekin. Sem betur fer, þurfti að endurnýja fundinn, eftir rúmar 30 mín. og slóst Jens þá í hópinn öllum til mikillar gleði.

Fyrir fundi lá að lesa yfir tillögur að lagabreytingu, sem Jens og Steinunn höfðu unnið. Farið var yfir breytingartillögur þeirra og þær ræddar mikið sem og hlutverk fagráðs og fagdeildar eða hugsanlega fageilda. Fundi var slitið eftir 1.5 klst og var ákveðið að fundarmenn skyldu lesa vel yfir lög og reglugerð Leiðsagnar sem og breytingartillögur fyrir næsta fund, sem haldinn verður fimmtudaginn 8. apríl kl. 13:30, að öllum líkindum sem fjarfundur.

Kristín Waage